

1.6.2015

Erindi Breiðdalshrepps til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Á því tæpa ári sem liðið er frá sveitarstjórnarkosningum hefur ný sveitarstjórn Breiðdalshrepps ítrekað leitað til samgönguyfirvalda, Samgönguráðs, Vegagerðar ríkisins og fleiri aðila vegna framkvæmdar sem fyrri sveitarstjórn réðst í við Breiðdalsvíkurhöfn árið 2010. Ekki var rétt að verki staðið í upphafi og ekki hefur tekist að fá fram leiðréttingu, þannig að kostnaðarhlutur ríkisins vegna verksins hefur aldrei fengist greiddur.

Þetta mál íþyngir fjárhag Breiðdalshrepps mjög, hefur leitt af sér mikinn vaxtakostnað og Breiðdalshreppur er sannarlega ekki aflögufær hvað fjármagn varðar. Hér með er leitað eftir aðstoð nefndarinnar við að koma greiðslu vegna umrædds verkefnis inn á Samgönguáætlunina á árinu 2015, þegar málið kemur til umfjöllunar í Umhverfis- og samgöngunefnd. Um er að ræða mál sem skiptir sköpum fyrir lítið sveitarfélaga sem er og hefur verið í vanda.

Meðfylgjandi er erindi til nefndarinnar, sem skýrir eðli málsins frekar.

Vinsamlegast

Hákon Hansson  
oddviti Breiðdalshrepps



Breiðdalsvík 1. 6. 2015

## Til Umhverfis- og samgöngunefndar alþingis

### EFNI: Ósk um að fjárfesting í flotbryggju í Breiðdalsvíkurhöfn komist inn á samgönguáætlun

Erindi þetta snýst um fjárfestingu Breiðdalsvíkurhafnar í flotbryggju árið 2010 skv. ákvörðun þáverandi sveitarstjórnar án sérstakrar heimildar á fjárlögum eða í samgönguáætlun.

Heildarfjárfesting var skv. bókum sveitarfélagsins kr. 18.179.175.- og hefur hafnarsjóður / sveitarsjóður til þessa fjármagnað kaupin að fullu, m.a. með dýrum lánum. Því þarf ekki að tíunda frekar hér, hve gífurlega þungur baggi fjárfestingin hefur orðið á sveitarfélaginu.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Breiðdalshrepps hafa samgönguyfirvöld ekki fallist á að fjármagna hluta framkvæmdarinnar. Því hefur þátttaka ríkissjóðs í samræmi við hafnalög ekki enn verið samþykkt.

Forsvarsmönnum Breiðdalshrepps er ljóst að á sínum tíma var ráðist í framkvæmdirnar án þess að fjármögnun væri tryggð. Við teljum þó að ákvörðun fyrrverandi sveitarstjórnar um kaupin á flotbryggjunni hafi verið nauðsynleg til að tryggja áframhaldandi útgerð smábáta frá Breiðdalsvík. Miðað við stöðu mála í dag hefur komið í ljós að þessi framkvæmd er stór þáttur í þeim mikla vexti í útgerð og fiskvinnslu sem sannanlega hefur orðið á Breiðdalsvík.

Ljóst er að Breiðdalshreppur hefur lengi átt í vök að verjast og má segja að menn rói nú lífróður til að rétta sveitarfélagið af. Margt horfir nú til betri vegar. Þannig er ljóst er að bein aðkoma innanríkisráðuneytisins næstu misserin vegna viðleitni heimamanna að bæta fjárhagsstöðu Breiðdalshrepps mun skipta miklu máli í að gera sveitarfélagið og undirstofnanir þess rekstrarhæfar. Og jafnframt tryggja að fjárhagur þess standist ákvæði sveitarstjórnarlaga. Einnig er mjög gott samstarf við Byggðastofnun í verkefninu Brothættar byggðir. Meira þarf þó til og mun eðlileg fjármögnun framkvæmdar þeirrar, er um ræðir, skipta miklu máli í þessu sambandi.

Með vísan til framangreindra upplýsinga, er hér með farið fram á að mannvirknið komist inn á nýja samgönguáætlun fyrir 2015 til 2018 og hlutur ríkissjóðs í framkvæmdinni frá 2010 fái samþykktur.

Ósk sveitarfélagsins er að til hliðsjónar verði raunkostnaður við kaup á sambærilegu mannvirki að teknu tilliti til núgildandi ákvæða um greiðsluþátttöku ríkissjóðs.

Virðingarfyllst;

*Hákon Hansson*

Hákon Hansson, oddviti